

Fundargerð (39)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 22. júní 2021, kl. 14.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Kolbeinn Guðmundsson
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Kristín Ösp Jónsdóttir
Verkefnisstjórn: Bergþór Haukdal Jónsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir
verkefnisstjóri
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

1. **Fundargerð 38. fundar** samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar.
3. **Matshópur - yfirferð gagna.** Kolbeinn fór yfir gögn frá Reykjavíkurborg til kynningar á því hvernig matshópur hyggist meta framgang verkefnisins og leggja skýrslur sínar fyrir stýrihópinn. Sama gerði Bergþór varðandi gögn frá ríkinu. Báðir lögðu áherslu á að enn séu þetta sýnishorn um form skýrslna til stýrihóps og fyrirbyggjandi talnaefni þarfnist frekari skoðunar. Fram kom að ýmislegt hefur skýrst síðustu viku og daga og ágætur gangur sé í vinnu matshópsins. Jafnframt var upplýst að matshópurinn hefur það verkefni að tryggja að persónuverndarreglna verði gætt í meðferð hópsins á gögnum.
4. **Matshópur** – Inga Rún lagði fram og gerði grein fyrir minnisblaði um **framkvæmd gagnaöflunar Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna lykilmælikvarða í betri vinnutíma vaktavinnufólks.** Kristín Ösp upplýsti að innan Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu sé vinna til að tryggja skil gagna til matshópsins frá öllum launagreiðendum langt komin og muni skila sér alveg á næstunni. Í umræðu um minnisblað sveitarfélaganna áréttuðu fulltrúar launafólks að upplýsingar frá öllum launagreiðendum séu ein forsenda þess að unnt verði að meta ávinning af verkefninu og hvernig markmiðin um áhrif breytinganna á öryggi, heilsu og jafnvægi skili sér í framkvæmd á vinnustöðum. Matskerfið gefi jafnframt færi á að grípa inn í og liðsinna þeim vinnustöðum sem af einhverjum ástæðum ná ekki markmiðum sem að er stefnt. Mikilvægt sé að hafa í huga smitáhrifin sem fylgi því ef röng framkvæmd einstakra

vinnustaða, stórra eða smárra, leiði til óánægju og umræðu. Launafólk mun halda áfram viðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga og leita leiða varðandi skil gagna frá öllum sveitarfélögum.

5. Minnisblað um skráningu á veikindum. Í framhaldi af umræðu og ákvörðun á síðasta fundi gerði Bára Hildur grein fyrir því að hún hafi átt fund með fulltrúum frá launagreiðendum og launafólki. Mikil umræða hafi orðið um drögin frá síðasta fundi og orðið til að skerpa skilninginn á nauðsyn þess að hafa á reiðum höndum svör við spurningum um framkvæmdina. Sonja Ýr gerði grein fyrir að einfalda mætti leiðbeiningar frá drögunum sem lágu fyrir síðasta fundi. M.a. megi vitna til ýmissa fyrirbyggjandi reglna sem eigi við um framkvæmd þessa máls. Gert ráð fyrir að endurskoðaðar leiðbeiningar liggi fyrir í upphafi næstu viku og verkefnisstjóri sendi stýrihópi þær til samþykktar rafrænt.

6. Önnur mál

- Gerð var grein fyrir að Guðbjörg Pálsdóttir hefur fyrir hönd Fíh verið tilnefnd varamaður fyrir Hörpu Júlíu. Sigurjón Norberg Kjærnested tekur við sem aðalfulltrúi Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu bæði í stýrihópi og matshópi. Kristín Ösp mun halda áfram sem varamaður hans.
- Einar Mar hefur skipt upp kostnaði vegna þjónustu Gallup við matshópinn og sent upplýsingar um fjárhæðir til greiðenda samkvæmt fyrirbyggjandi skiptingu. Hvatti hann til þess að greiðslur yrðu inntar af hendi sem fyrst.

Fundi slitið kl. 15.16. Næsti fundur verður eftir sumarhlé þriðjudaginn 10. ágúst kl. 14-15.30. Fundargerð er aðgengileg á Teams.